



Tillaga
Afgreiðsla

A 1926/PRE
Forsætisnefnd

Nefndarálit um þingmannatillögu um samnorræn öryggis- og varnarmál

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

að vinna heildarvarnaskýrslu um samstarf Norðurlanda um öryggis- og varnarmál

að gera úttekt á hlutverki Norðurlandaráðs og ráðherraráðsins í tengslum við samstarf Norðurlanda um öryggis- og varnarmál

Bakgrunnsupplýsingar

Flokkahópur miðjumanna lagði til að Norðurlandaráð beindi þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

að gera „Stoltenberg II-skýrslu“ um samstarf Norðurlanda um öryggis- og varnarmál

að gera úttekt á hlutverki Norðurlandaráðs og ráðherraráðsins í tengslum við samstarf Norðurlanda um öryggis- og varnarmál

Sjónarmið forsætisnefndar

Forsætisnefndin leggur til að þingmannatillaga verði samþykkt en að orðalagi í tillögulið svo að notað verði „heildarvarnaskýrslu“ í stað „Stoltenberg II-skýrslu“.

Norðurlandaráð hefur um langt skeið beitt sér fyrir því að gerð væri heildarvarnaskýrsla. Enestam-skýrsla og Bjarnason-skýrslan eru gagnlegar og mikilvægar skýrslur en umboð þeirra er takmarkað. Laga þarf norrænt samstarf að þeirri nýju stöðu sem upp er komin í utanríkis- og öryggismálum. Heildarvarnaskýrsla væri kærkomin í slíkri vinnu og mikilvægt væri að höfundar hennu fengju vítt umboð. Forsætisnefndin leggur áherslu á að skýrslan ætti að fjalla á heildstæðan hátt um öryggismál og meðal annars beina kastljósinu að friðaruppbyggingu og hlutverki varnarliðs í almannavörnum. Eðlilegt væri að skýrslan fjallaði einnig um hlutverk Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar í ljósi nýrrar stöðu í utanríkis- og öryggismálum.



Stokkhólmi, 24. janúar 2023

Anders Adlercreutz (sfp)

Anna Falkenberg (Sb)

Helge Orten (H)

Maria Stockhaus (M)

Lars Püß (M)

Lulu Ranne (saf)

Kathy Lie (SV)

Veronika Honkasalo (väinst)

Jorodd Asphjell (A)

Annette Lind (S)

Erkki Tuomioja (sd)

Heléne Björklund (S)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Hanna Katrín Friðriksson (Vr)

Heidi Greni (Sp)